

Alþingi
Erindi nr. P 140/382
komudagur 23.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar – og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2011

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingu, þskj. 38 – 38. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Með frumvarpinu er lagt til að ábyrgð ábyrgðarmanna á námslánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) falli niður þegar ábyrgðarmaður nær 67 ára aldri ef lánþegi er í fullum skilum og ábyrgðarmaður hafi gengist í ábyrgð fyrir láni fyrir 54 ára aldur.

Krafan um ábyrgðarmenn á námslán hefur verið umdeild og hefur því verið haldið fram að hún samræmist ekki þeim tilgangi laga um LÍN að tryggja jafnrétti til náms. Sumir námsmenn hafa ekki átt þess kost að fá ábyrgðarmann á lán sín og hafa því þurft að leggja fram bankatryggingu í þess stað. Árið 2009 var reglum LÍN breytt þannig að frá og með gildistöku laganna eru námsmenn sjálfir ábyrgir fyrir endurgreiðslu eigin námsláns, að uppfylltum skilyrðum um lánshæfismat. Þ.e.a.s. ekki þarf lengur að leggja fram yfirlýsingu annars manns um sjálfskuldarábyrgð. Þessar reglur eru þó ekki afturvirkar sem þýðir að ábyrgðarmenn á eldri lánnum fá ekki felda niður ábyrgðina.

Ævilöng ábyrgð ábyrgðamanns á námslán er að mati BSRB með öllu óásættanleg. Sér í lagi þegar litið er til þess að ekki þarf ábyrgðamann á ný námslán hjá LÍN. BSRB tekur heilshugar undir það að frumvarpið komi til móts við ábyrgðamenn á eldri lánnum með að fella niður ábyrgð við 67 ára aldur. Á þann hátt er stígið skref til jafnræðis á milli núverandi og eldri regluverks lánasjóðsins.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri